

að höfðað hafði verið opinbert pólitímal móti honum, og hann hafði beiðzt þess, að málið væri útkljáð með amtsúrskurði, verið seklaður um 20 krónur.

*Brjef landshöfðingja* (til allra sýslumanna)'.  
1875  
57  
25ta  
ágúst.

Með því að í ráði er að setja nefnd til að hugleiða skattamál landsins, og alþingi hefur skorað á mig að safna handa nefnd þessari nákvæmum skýrslum um gjöld til almennings þarfa, sem nú eru greidd, skal jeg mælast til þess að þjer, herra sýslumaður, sendið mjer sem fyrst í síðasta lagi með fyrsta pósti að ári, eptirrit eptir manntalsbókum og aukatekjubókum embættis yðar fyrir hin síðustu 5 ár (1871—75), og býst jeg við að eptirrit þessi skýri frá, hvenær hin einstöku gjöld hafi verið greidd, og á hvern hátt þetta hafi verið (í peningum, með ávísun á kaupmenn eður í landaurum).

Þar að auki óska jeg mjer tjáð, eptir hverjum reglum gjaf tollurinn hafi verið tekinn í umdæmum yðar, og hvort hinn svo kallaði samlagningarskattur hafi verið reiknaður.

*Auglýsing* (frá landshöfðingja).  
58  
26tta  
ágúst.

Til upprætingar fjárkláða þess, sem síðastliðinn vetur gjörði vart við sig í ýmsum sveitum í millum Hvítáanna í Borgarfirði og Árnessýslu, og sem óttast má fyrir að kynni að hafa breiðzt út þaðan í sumar þrátt fyrir verði þá, er settir hafa verið um hið nefnda svæði, skipast svo fyrir:

1.

Frá 1. septbr þ. á. og til sumarmála næsta árs skulu bannaðir allir fjárrekstrar og fjárflutningar úr sveitum á svæðinu milli Hvítáanna í önnur hjeruð og eins frá öðrum hjeruðum inn á þetta svæði. Sömuleiðis skal bannað á sama tíma að flytja eður reka fje úr öðrum sveitum milli Hvítáanna til 4 syðstu hreppanna í Gullbringusýslu og Selvogshrepps, og að reka fje til lífs úr þessum hreppum í aðrar sveitir á hinu grunada svæði milli Hvítáanna.

Brjóti nokkur gegn banni þessu, skal hreppstjóri í sveit þeirri, þar sem hinar fluttu kindur finnast, skyldur að kyrsetja þær, eður afurðinn af þeim, til tryggingar fyrir sektum þeim og málskostnaði, er leitt getur af slíku afbroti, samkvæmt 294. gr. hegningarlaganna<sup>2</sup>.

2.

Hreppstjórar í öllum sveitum á svæðinu milli Hvítáanna skulu sem allrafyrst með aðstoð hreppsnefnda safna skýrslum um fjárhús og heybirgðir sjerhvers fjáreiganda í hreppnum og um tölu kinda þeirra, er hann að álitu nefndarinnar og hreppstjórans geti haft til lækningameðferðar í vetur, og semur hreppsnefndin um þetta innan septembermánaðarloka þ. á. aðalskrá eptir hjálagðri fyrirmynd a<sup>3</sup>, í tvennu lagi. Aðra sendir hún þegar

1) Sama dag var skipað umboðsmönnum að senda landshöfðingja eptirrit eptir hinum árlegu skrásetningum fyrir síðastliðin 5 ár (1871—75) um landsskuldir og leigur af umboðsjörðunum, og ágríp af reikningum umboðsmanna fyrir þessi ár, er sjá megi af, hve mikið af umboðstekjunum hafi runnið í landsgjöld á hverju ári.

2) Í þessari grein er meðal annars skipað svo fyrir: „Hver sem brýtur á móti lagaákvörðunum þeim, sem settar eru, eða varúðarreglum þeim, sem yfirvöldin hafa skipað fyrir um, til þess að af stýra útbreiðslu næms sjúkdóms á húsdýrum, og með því gefur tilefni til, að slíkur sjúkdómur dreifist út, skal sæta fangelsi eða sektum ekki minni en 20 rd.“ — 40 krónur.

3) „Skrá yfir húsrúm og heybirgðir sauðfjáreiganda í N. N. hreppi N. N. sýslu og áætlun um tölu kinda þeirra, sem sjerhver geti sett á votur, ef innigjöf er ætluð hverri kind hálfan mánuð eða lengur fram yfir hinu vanalega gjafatíma“. Í þessari fyrirmynd eru eyður fyrir nöfn og hefmili allra sauðfjáreiganda í hreppnum, tölu kinda þeirra, er sjerhver fjáreigandi hefur hús fyrir, heyfóður það, sem hann ætlar sauðfje sínu í vetur,

1875

59  
30sta  
ágúst.

sýslumanni, en hina á að birta fjáreigöndum við kirkju eður á annan hentugan hátt, um leið og brynt er fyrir þeim, að þeir, ef þeir setja fje á vetur fram yfir þá tölu, sem hreppstjóri og hreppsnefnd hefur ætlað þeim, eigi það á hættu, að fje þeirra verði tekið af þeim til lækningameðferða annarsstaðar á kostnað þeirra, eður skorið, ef slíkum lækningum eigi verður komið við.

Þyki nokkrum fjáreiganda ástæða til að vefengja áætlun hreppsnefndarinnar um fjárlötu þá, er hann megi setja á vetur, má hann um það bera sig upp við hlutadeigandi lögreglustjóra.

## 3.

Hreppstjóra ber með hreppsnefndinni að sjá um, að nægileg þaðmeðöl verði fyrir hendi í hverri sveit svo tímanlega, að hin fyrsta almenna böðun á fjenu í hreppnum geti farið fram fyrir veturnatur og hin síðasta verið afstaðin viku fyrir jól. Lögreglustjórum ber að svo miklu leyti, sem því verður viðkomið, að vera viðstaddir við aðalrjettirnar í sveitum þeim, sem þeir hafa til umsjónar á kláðasvæðinu, og skipa þar eður sem fyrst eptir rjettir fyrir um fjárskoðanir og hina fyrstu böðun á fjenu í vetur, en allt fje á svæðinu milli Hvítánnu ber að baða að minnsta kosti einusinni á vetri þeim, sem í hönd fer. Um þessar fyrirskipanir sínar eiga lögreglustjórar að gefa amtmanni sem fyrst skýrslu, og ber þeim þar eptir að minnsta kosti einusinni í mánuði að skýra amtmanni frá framkvæmdunum í umdæmum sínum.

Í hvort sinn, er fje er skoðað eður þaðað, ber að telja nákvæmlega allar hinar skoðuðu og böðuðu kindur, og skulu hlutadeigandi skoðunar- eður böðunarmenn sem fyrst senda hlutadeigandi lögreglustjóra nákvæma skýrslu um tölu hinna skoðuðu og böðuðu kinda og ástand þeirra eptir hjálögðum fyrirmyndum *b* og *c*.<sup>1</sup>

## 4.

Sem allra fyrst, síðast innan septembermánaðarloka þ. á., ber hreppsnefndunum að senda sýslumanni tillögur sínar um það, í hve margar baðsveitir hreppnum haganlega verði skipt og hverjir sjeu særastir til að vera skoðunarmenn og baðstjórar. Skipar sýslumaður þar eptir, að áskildu samþykki amtmanns, þessa menn til að vera aðstoðarmenn

og fyrir tölu kinda þeirra, er hreppsnefndin ætlar, að fjáreigandi geti sett á vetur, ef hann á að hafa þar til lækninga.

Þar að auki er ætlað til, að hreppsnefndin svari þessum almennu spurningum, hver fyrir sína sveit:

Hve margir hestar af heyi eru vanalega í sveitinni ætlaðir hverju unglambi í vetrarfóður?

hve margir hverri á veturgamalli eður eldri?

hve margir hverjum sauði veturgömlum eður eldri?

1) Fyrirmynd *b* er fyrir „skýrslu um fjárskoðanir í N. N. hreppi dagana frá mán. til mán. 18“. Í henni eru eyður fyrir nöfn og heimili eiganda kinda þeirra, er skoðaðar hafa verið og tölu þeirra kinda, er hver átti af þeim, er skoðaðar voru, fyrir skýrslu um ráðstafanir, er gjörðar hafa verið með tilliti til kinda þeirra, er fundust með kláða, og loksins fyrir almenna skýrslu um skoðunina. („Skoðunarstaðir — Tala allra kinda þeirra, er skoðaðar voru á hverjum stað. — Af hinum skoðuðu kindum fundust með sýnilegum kláða, með kláðavottí, með lús, með öðrum óþrifum, alveg heilbrigðar. Athugasemdir“).

Fyrirmynd *c* er fyrir skýrslu um böðun í N. N. baðsveit N. N. hreppi. Í henni eru eyður fyrir böðunardaginn, böðunarstaðinn, tölu hinna böðuðu kinda, skýrslu um undangengna lækningameðferð á kindum þeim, er áður höfðu fundizt með kláða, um tilbúning baðsins (tölu punda af valzisku meðali, potta af hlandi potta af vatni, og það sem annars hefur verið haft í baðið). Þá er eyða fyrir skýrslu um eigendur hinna böðuðu kinda, og loksins þannig látandi fyrirögn um tilbúning baðsins:

Badlyf má kaupa samsett á lyfjabúð Reykjavíkur; en vilji menn búa þau til sjálfir, þá skal

hrepptjóra með valdi og ábyrgð samkvæmt tilskipun frá 5. janúar 1866 og öðrum ákvörðunum.

5.

Í þeim parti af Árnessýslu, sem er fyrir austan hið kláðagrunaða svæði, í Rangárvallasýslu, Mýrasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadals-sýslu, Dalasýslu og Húnavatnssýslu, skulu sem fyrst eptir rjettir, nákvæmar skoðanir fram fara á öllu fje, og um það samdar skýrslur samkvæmt fyrirmyndinni b. Þessar skýrslur ber sýslumönnum í tjeðum sýslum, að senda hlutaðeiganda amtmanni sem allra fyrst, og skulu þeir annast hið nauðsynlega um þessar skoðanir.

Landshöfðinginn yfir Íslandi. Reykjavík, 30. ágúst 1875.

**Hilmar Finsen.**

*Jón Jónsson.*

*Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu).*

Eptir að þjer herra amtmáður höfðuð í brjefi frá 25. þ. m. sagt álit yðar um ráðstafanir þær, er jeg gat um í brjefi mínu frá 12. f. m., hef jeg í dag gefið út auglýsingu, er prentuð verður í stjórnartíðindunum, um ráðstafanir til upprættingar fjárkláðans, og sem jeg með þessu brjefi sendi yður exemplör af til útbýtingar til hrepptjóra og hreppsnefnda á svæðinu milli Hvítáanna og í þeim sveitum, er liggja að þessu svæði. Af skýrslufyrirmyndum þeim, er fylgja auglýsingunni, hef jeg látið prenta svo mörg exemplör, að hver hreppsnefnd milli Hvítáanna geti fengið til afnota 5 exempl. af

taka 4 pund af steinkalki og hella á það svo miklu af köldu vatni, að hjer um bil fljóti yfir það eða svo að það geti allt vöknað vel. Hitnar þá í því innan skamms, og ef í því er hrært, verður það að þykkri leðu, en þó rennandi. Þá eru látin 5 pund af pottösku saman við kalkleðjuna, og það slegið og hrært, þangað til að pottaskan hefur fullkomlega sameinað sig við kalkið og engir molar finnast. Þá eru 3 pund af tjöru látin í smátt og smátt; en ekki öll í einu, og hver skamtur fyrir sig hræður vandlega saman við, áður hinn næsti er látinn í. Að síðustu eru 6 pund af rammlyktandi hjartarhornsolíu látin í á sama hátt og tjaran.

Þegar það skal, á fyrst að búa til í hentugri badkistu laug af volgu vatni og kúahlendi (ekki minna en einn þriðjungur kúahlands), og eiga að minnsta kosti 3 pottar af vatns- og kúahlands-blöndunni að vera í badkistunni fyrir hverja kind, sem menn vilja baða, þegar kindin er í vetrarreifi. Saman við þenna lög láta menn svo mikið af badlyfjunum, að svari einu pundi fyrir hverja 10 potta lagarins. Fyr en þessi lyf eru látin í lögin, á að hræra þau út í dálitlu af því hlandi, sem til badsins er ætlað, köldu. Þegar lyfin þar eptir eru látin í badið, á sjerlega að gæta þess, að badið sje mátulega heitt (ekki meira en vel nýmjólkurvolgt); því ef badið er of heitt, aðskiljast lyfin og gera ekki hið tilætlaða gagn, en skemma ullina.

Þá er kindin er látin í badið, skal varast það að láta badlöginn koma í augu, eyru eða nasir hennar, og má þó gæta þess svo vandlega sem bezt er kostur á, að enginn óbáðaður blettur verði eptir á kindinni. Þess verður vel að gæta, að láta ekki kindina verða innkulska eptir badið, og á því að halda henni við hús og föður, þangað til hún er búin að ná sjer alveg aptur.

Hafi kind sú, sem á að baða, verið fundin með kláða, skal nokkra daga í röð, fyr en kindin er böðuð, einu sinni á hverjum degi bera smyrsl á kláðablettina, þangað til að allir hrúðrar eru bleyttir upp og mýktir undir badið. Smyrsl þessi eru svo til búin, að taka skal 1 part af terpentínolíu, 1 part tjöru, 1 part grænsápu, allt eptir vigt, blanda þetta saman og bræða það yfir hægrí glóð. Einnig má og við hafa til íburðar góða tóbakssösu. Þegar búið er að bleyta upp hrúðrana, og ná þeim burt, skal baða jafnskjótt.

Sje badið rjettilega til búið, eykur það þrif, drepur maur og lús, eyðir kláða og óþrifum, bætir ullina og felir dýrbít, meðan sterkjulyktin er af kindinni, og eins er það sannreynt, að valziska badið varnar bráðasóttinni, þar sem það er við haft fyrri part vetrarins.